

## ATHUGASEMDIR VIÐ RAMMAÁÆTLUN UM DRÖG AÐ ÞINGSÁLYTUNARTILLÖGU UM VERND OG ORKUNÝTINGU NÁTTÚRUSVÆÐA: ÞJÓRSÁ OG ÁHRIFASVÆÐI

Undirrituð vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Athugasemdirnar beinast einkum að áformum í neðrihluta Þjorsár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Neðri-Þjorsá, lífríki árinna og umhverfi hennar er fjölbreytt og hefur mikilvægi í sjálfu sér.

### HVAMMSVIRKJUN: ÚR NÝTINGARFLOKKI Í VERNDARFLOKK

#### VIÐEY Í ÞJÓRSÁ

Viðey, einnig þekkt sem Minnanúpsbólmi, er lítil eyja í Þjorsá sem hefur notið náttúrulegrar verndar vegna dýptar og straumpunga árinna umhverfis eyjuna. Eyjan er lítt snortin og hafa árhif á lífríki Viðeyjar vegna mannglegra athafna verið takmörkuð fram til þessa.

Gróðurfar Viðeyjar var tekið út í lokaverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands[1] og byggja upplýsingar um gróðurfar í eyjunni á gögnum úr þeirri rannsókn.



Mynd: 1. Viðey (Minnanúpsbólmi) í Þjorsá séð frá suðurbakka árinna (mynd: Anna Sigríður Valdimarsdóttir).

Í Viðey er gróskulegur og þéttur birkiskógur, með á bilinu 3000-15000 stofna á hektara. Í eyjunni hafa fundist yfir 70 plöntutegundir. Tvær tegundir fundust sem teljast sjaldgæfar á landsvísu, grænlija og kjarrhveiti en útbreiðsla beggja tegunda er mjög takmörkuð um sunnanvert landið.

Þann 24. ágúst 2011 var Viðey í Þjórsá friðlýst sem friðland [2]. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg Viðeyjar og það lífríki sem skóginum fylgir. Einnig er verið að styrkja líffræðilega fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins með verndun plöntutegunda og annarra lífvera auk erfðaauðlinda sem tegundum og búsvæðum þeirra fylgja [2].

Verði af Hvammsvirkjun skerðist rennsli Þjórsár um Viðey svo um munar[3] og um leið sú náttúrulega friðun sem eyjan nýtur. Að mati undirritaðrar þjónar girðing umhverfis eyjuna - sem nefnt hefur verið sem mótvægisáðgerð ef af virkjun verður - ekki sama hlutverki og áin hefur gert. Lífríki áhrifasvæðis Hvammsvirkunar hefur að mati undirritaðrar ekki verið kannað nægilega vel og áhrif virkjunar á lífríki ekki ljóst til að réttlæta slíkar framkvæmdir. Því telur undirrituð að færa verði Þjórsá og umhverfi hennar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í verndarflokk - að öðrum kosti biðflokk.

## SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF

Undirrituð er íbúi í einu af því sveitarfélagi sem fyrirhuguð Hvammsvirkjun kemur til með að snerta með hvað beinustum hætti, Skeiða- og Gnúphverjahreppi. Sveitarfélagi sem undirrituð minnst með hlýju, samfélags þar sem íbúar sýndu samstöðu og velvild í garð hvers annars. Samfélagi sem hefur nú verið stefnt í voða. Nú þegar hefur umræðan um virkjanaframkvæmdir í sveitarfélaginu stíað samfélaginu í andstæðar fylkingar. Þar sem áður ríkti sátt, ríkir glundroði. Sé hugmyndin að um virkjanir þessar ríki sátt hefur þeirri hugmyndafræði ekki verið fylgt eftir í umræddu sveitarfélagi. Áhrif af virkjunum á samfélög hafa ekki verið könnuð svo undirrituð viti til. Auk þess óttast undirrituð áhrif virkjana, raf- og háspennumannvirkja á líf og heilsu manna og dýra sem búa í nágrenni við slík mannvirki.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir  
Gnúpverji og náttúrufræðingur

## HEIMILDIR

1. Anna Sigríður Valdimarsdóttir, *Gróður í Viðey í Þjórsá*, in *Umhverfisdeild*, 2010, Landbúnaðarháskóli Íslands: Hvanneyri. p. 41.
2. Umhverfissráðuneytið, *Auglýsing um friðlýsingu á Viðey í Þjórsá*, 2011, Umhverfissráðuneytið: Reykjavík.
3. Almenna verkfræðistofan hf., *Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla.*, 2003, Landsvirkjun.